



102. SAMBANDSPING UMSB

13. MARS 2024

Pingskjal 11

Kjör Íþróttamanneskju Borgarfjarðar

Tillaga frá stjórn UMSB

102. sambandsþing Ungmennasambands Borgarfjarðar haldið á Hvanneyri 13. mars 2024, samþykkir eftirfarandi breytingar sem lagðar eru til á reglugerð um kjör íþróttamanneskju Borgarfjarðar.

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á reglugerð um kjör íþróttamanneskju Borgarfjarðar.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við reglugerðina er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

Reglugerð um kjör íþróttamanneskju Borgarfjarðar

Í grein 6.3. í samstarfsamningi UMSB og Borgarbyggðar er kveðið á um að UMSB sjái um sameiginlegt kjör á íþróttamanneskju Borgarfjarðar. Reglugerð þessi gildir um kjörið og er gerð í samræmi við ákvæði í samningnum.

1. grein

Sambandsstjóri UMSB ber ábyrgð á kjöri Íþróttamanneskju Borgarfjarðar.

2. grein

Sem fyrst eftir áramót skal kjósa Íþróttamanneskju Borgarfjarðar. Kjörgengi hefur allt íþróttafólk sem náð hefur ~~14~~**16** ára aldri og hefur stundað íþrótt sína með aðildarfélagi UMSB eða átt lögheimili á sambandssvæði UMSB á því ári sem kjörið nær til.

Greinargerð með tillögu að breytingum á 2. grein reglugerðar um kjör íþróttamanneskju Borgarfjarðar:

Einstaklingar teljast börn til 18 ára aldur í laganna skilningi. Þar sem það gengur gegn markmiðum íþróttahreyfingarinnar að afreksvæða börn er lagt til að kjörgengisaldur Íþróttamanneskju Borgarfjarðar verði hækkaður úr 14 ára í minnst 16 ára.

3. grein

Hverju aðildarfélagi og hverri íþróttadeild er skylt fyrir ~~2. janúar~~**1. desember** [lögð til breytingatillaga að þetta verði 6. janúar í staðinn] ár hvert að tilnefna ~~1~~ einstakling eða par. Tilnefningar og greinargerð á þar til gerðum eyðublöðum um árangur á árinu **sem kjörið nær til** skal senda til þjónustumiðstöðvar UMSB. Stjórn UMSB og sveitastjórnir geta hver um sig ákveðið að tilnefna allt að ~~3~~**þrjú** einstaklinga til viðbótar við þá er aðildarfélag og deildir



102. SAMBANDSPING UMSB

13. MARS 2024

tilnefna, bæði að eigin frumkvæði og eftir ábendingum frá almenningi. Auglýst skal sérstaklega eftir tilnefningum almennings. **Valnefnd sem skipuð er skv. 4. gr. þessara laga velur tíu einstaklinga sem hafa náð hafa bestum árangri á árinu sem kjörið nær til og skulu þær tilnefningar** Tilnefningar ásamt greinargerðum skulu sendar rafrænt til þeirra er atkvæðisrétt hafa.

Greinargerð með tillögu að breytingum á 3. grein reglugerðar um kjör íþróttamanneskju Borgarfjarðar:

- Lagt er til að flýta tilnefningum og atkvæðagreiðslu um íþróttamanneskju ársins þar sem oft reynist erfitt að ná fólki saman yfir hátíðarnar í lok desember.
- Nokkrar orðalagsbreytingar eru lagðar til.
- Lagt er til að valnefnd, sem valin er skv. 4. gr. sömu reglugerðar, velji þá tíu einstaklinga sem náð hafa bestum árangri á árinu sem kjörið nær til áður en tilnefningar eru sendar áfram í atkvæðagreiðslu til þeirra er hafa atkvæðisrétt. Ástæðan er sú að oft berast margar tilnefningar, og jafnvel einhverjar tilhæfulausar. Svo mikill fjöldi tilnefninga getur gert það að verkum að þau sem hafa atkvæðisrétt ná ekki að kynna sér allar tilnefningar almennilega og atkvæðagreiðslan og úrslitin beri þess merki.

4. grein

Þau sem hafa atkvæðarétt í kjörinu eru:

- a. Stjórnarfolk í UMSB hefur eitt atkvæði hvert, stjórnir aðildarféлага og stjórnir deilda þeirra eitt atkvæði hver stjórn.
- b. Sérstök fimm manna valnefnd sem skipuð er með eftirfarandi hætti, einn tilnefndur á sambandsþingi UMSB, einn tilnefndur af Borgarbyggð, einn af stjórn UMSB, einn tilefndur af Skorradal og einn tilnefndur af Hvalfjarðarsveit. Fulltrúar UMSB skulu ekki eiga sæti í stjórn sambandsins.

Atkvæði greidd samkvæmt lið a) gilda 40 % á móti atkvæðum greiddum samkvæmt lið b).

5. grein

Atkvæði greiðast þannig að sá einstaklingur sem lendir í fyrsta sæti fær 10 stig, sá sem lendir í öðru sæti fær 9 stig, sá sem lendir í þriðja sæti fær 8 stig og svo framvegis. Sú íþróttamanneskja sem fær flest atkvæði samanlagt frá þeim sem greiða atkvæði samkvæmt lið a) hlýtur 10 stig, sá sem fær næstflest fær 9 stig o.s.fv..

Sú íþróttamanneskja sem valin er í fyrsta sæti samkvæmt lið b) hlýtur 10 stig, næsta hlýtur 9 stig o.s.fv.



102. SAMBANDSPING UMSB

13. MARS 2024

Leggja skal saman stigafjölda íþróttamanna samkvæmt lið a) og b) og sú íþróttamanneskja sem flest atkvæði fær samanlagt skal útnefnast Íþróttamanneskja Borgarfjarðar. Standi tveir einstaklingar uppi með jafn mörg atkvæði skal val samkvæmt lið a) ráða úrslitum. Sú íþróttamanneskja sem flest stig fær samkvæmt þessari aðferð hlýtur sæmdarheitið “Íþróttamanneskja Borgarfjarðar”.

6. grein

Íþróttamanneskja Borgarfjarðar fær afhentan farandbikar til varðveislu í eitt ár. Letra skal á bikarinn nafn þess sem hann hlýtur og ártal. Bikarinn vinnst aldrei til eignar en þegar hann hefur verið afhentur í 10 ár skal hann tekinn úr umferð og skal eftir það geymdur í bikarsafni UMSB. Auk farandbikarsins skal Íþróttamaður Borgarfjarðar fá afhentan ~~eignabikar~~ **verðlaunagrip til eignar** og skal letra á hann nafn þess sem hann hlýtur og ártal.

Greinargerð með tillögu að breytingum á 6. grein reglugerðar um kjör íþróttamanneskju Borgarfjarðar:

Lögð er fram tillaga um orðalagsbreytingu þar sem gefið er svigrúm til að veita annars konar verðlaunagrip til bikar.

7. grein

~~Fimm fyrstu~~ **Þrjú efstu sætin** í kjöri Íþróttamanneskju Borgarfjarðar fá afhenta gripi til eignar til minningar um kjör sitt. Í áletrun skal koma fram röð þeirra í kjörinu og ártal. Önnur sem tilnefnd eru skulu fá sérstaka viðurkenningu því til staðfestingar. Þegar kjöri íþróttamanneskju Borgarfjarðar er lýst skal skýra frá nöfnum og stigafjölda ~~fimm~~ **þriggja** stigahæstu einstaklinganna og nöfnum allra annarra sem stig hljóta í kosningunni í stafrófsröð en án stigafjölda.

Greinargerð með tillögu að breytingum á 7. grein reglugerðar um kjör íþróttamanneskju Borgarfjarðar:

Lagt er til að efstu þrjú í kjöri Íþróttamanneskju Borgarfjarðar fái verðlaunagrip til eignar í stað fimm áður. Þannig sé útnefningin meiri heiður en að sama skapi ekki jafn augljóst hver verma neðstu sætin. Einnig lagt til að einungis stigafjöldi þriggja efstu verði birtur opinberlega, af sömu ástæðu.

8. grein



102. SAMBANDSPING UMSB

13. MARS 2024

Viðurkenningarnar skulu afhentar sem fyrst eftir áramót ~~í janúar næsta árs~~ [lögð fram breytingatillaga um að taka út næsta árs] í samvinnu UMSB og ~~Borgarbyggðar~~ **þeirra sveitarfélaga er að kjörinu standa.**

Greinargerð með tillögu að breytingum á 8. grein reglugerðar um kjör íþróttamanneskju Borgarfjarðar:

- Lagt er til að fella út orðalag um að kjör skuli haldið sem fyrst eftir áramót og svigrúm þannig gefið til að seinka kjörinu ef þurfa þykir. Síðustu ár hefur kjörið verið haldið á þrettándanum í samstarfi við Borgarbyggð en oft á fólk ekki heimangengt á þeim tíma auk þess sem tengingin við þrettándahátíðina hefur ekki verið sú sem vonir stóðu til.
- Lögð er til orðalagsbreyting þar sem Skorradalshreppur leggur til fjármagn í kjör Íþróttamanneskju Borgarfjarðar og því eðlilegt að telja þau með sem samstarfsaðila.

Vísað til: [] Laganefndar - [] Fjárhagsnefndar - [x] Allsherjarnefndar

Nefnd leggur til að tillaga sé: [x] Samþykkt (með breytingatillögum) - [] Felld

Afgreiðsla máls: Samþykkt samhljóða með breytingatillögum